

Minnisblað

Til: Bæjarráð / bæjarstjórn
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs, og Axel R. Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs
Dags. 12. nóvember 2021
Mnr. 2021110044



ÍSAFJARÐARBÆR

Samþykkt um gatnagerðargjald

Lagt er til við bæjarstjórn að samþykkja breytingu á nýsamþykkttri gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald, stofngjald vatnsveitu, stofngjald holræsa og byggingarleyfisgjald í Ísafjarðarbæ, á þann hátt að gjaldskráin heiti „samþykkt“.

Vísast hér til 12. gr. laga nr. 153/2006, um gatnagerðargjald, þar sem fram kemur að sveitarstjórn skuli setja sér „samþykkt“ um gatnagerðargjald.

Líklegt þykir að um einfalda villu sé að ræða, og að fyrir mistök hafi heitinu „samþykkt“ verið skipt út fyrir heitið „gjaldskrá“ við fjárhagsáætlunargerð ársins 2017.